# AUGLÝSING

**um deiliskipulag fyrir verslunar- og þjónustusvæði í miðbæ Húsavíkur, Búðarvöllur, Norðurþingi.**

Á fundi bæjarstjórnar Norðurþings 26. janúar 2016 var samþykkt tillaga skipulags- og byggingarnefndar að deiliskipulagi fyrir verslunar- og þjónustusvæði í miðbæ Húsavíkur, sk. Búðarvöll. Skipulagið er sett fram á einu blaði í blaðstærð A2 auk greinargerðar í A4 hefti. Á deiliskipulagssvæðinu er gert ráð fyrir að auka magn verslunar- og þjónustuhúsnæðis og þétta byggð með nýjum lóðum fyrir blandaða byggð. Einnig að afmarka og skilgreina ný græn svæði ásamt akvegi, bílastæðum og göngu- og hjólreiðastígum. Deiliskipulagið er sett fram á uppdrætti í blaðstærð A2 auk greinargerðar í A4 hefti.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Húsavík, 16. ágúst 2016.*

**Gaukur Hjartarson,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. ágúst 2016